

Orkusjóður  
Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg  
603 Akureyri

### Umsókn um styrk til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla

Orkusjóður hefur auglýst eftir styrkumsóknum til uppbyggingar á innviðum fyrir hleðslu rafbíla í samræmi við reglugerð 185/2016, um Orkusjóð, og fjárlög 2016, fjárlagalið 04-599, 1.23. Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið sækir hér með um styrk úr sjóðnum að upphæð 11 m.kr. til uppbyggingar á hleðslustöðvum skv. eftirfarandi lýsingu.

#### *Forsendur verkefnis og styrkumsóknar:*

Höfuðborgarsvæðið er stærsta vinnusóknarsvæði landsins, íbúar höfuðborgarsvæðisins eru um 63% landsmanna og 124 þús íbúar á höfuðborgarsvæðinu (16-74 ára) eru á vinnumarkaði. Uppbygging innviða og rafvæðing samgangna skilar því mestum ávinningi á þessu vinnusóknarsvæði og fellur vel að áherslu Orkusjóðs um að ná til sem flestra landsmanna. Árangur í sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum og samdrætti í nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi með þessum styrkveitingum yrði þannig hámarkaður.

Í miðborg Reykjavíkur, eins og hún er skilgreind í aðalskipulagi Reykjavíkur, sjá meðfylgjandi kort, eru um 806.000 m<sup>2</sup> af atvinnuhúsnæði. Þar er kjarni stjórnsýslu ríkis og borgar, menningarstarfsemi og ferðapjónusta, verslun og veitingastarfsemi auk ýmissar þjónustu. Raunhæft er að gera ráð fyrir 40m<sup>2</sup> á hvert stöðugildi þeirrar starfsemi sem er í miðborginni og má þannig gera ráð fyrir að í miðborginni starfi rúm 20.000 manns. Það má því ætla að rúm 16% starfa á höfuðborgarsvæðinu séu í miðborg Reykjavíkur.

Þéttleiki byggðar í miðborginni er mikill og lítið um bílastæði á lóðum bygginga. Möguleiki til hleðslu rafbíla er því víðast ekki fyrir hendi nema í borgarlandi við götu eða í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs. Á höfuðborgarsvæðinu býr stærri hluti íbúa í fjölbýli en gengur og gerist í landinu og möguleikar til að skapa aðstöðu til hleðslu rafbíla heima fyrir því takmarkaðri fyrir vikið. Mikilvægt er að borgin komi að uppbyggingu hleðslustöðva þegar svo háttar til. Sem dæmi hefur ríkið styrkt sveitarfélög í Englandi við uppsetningu á „on-street charging“ þar sem möguleiki til hleðslu á lóð er ekki fyrir hendi (Plug-in vehicle charge point grants: <https://www.gov.uk/government/collections/plug-in-vehicle-chargepoint-grants>).

#### *Lýsing verkefnis*

Verkefnið sem sótt er um styrk fyrir felst í uppsetningu á hleðslustöðvum á allt að sex stöðum í miðborg Reykjavíkur skv. meðfylgjandi korti og eftirfarandi lista:

- Bílahúsið Vesturgötu, 2 hleðslutenglar á vegg
- Tryggvagata við Tollhúsið, 4 hleðslutenglar við bílastæði

- Bókhlöðustígur, 4 hleðslutenglar við bílastæði
- Bílastæðahúsið Bergstaðir Bergstaðastræti, 6 hleðslutenglar á vegg
- Bílastæðahúsið Traðarkot Hverfisgötu 20, 6 hleðslutenglar á vegg
- Bílastæðahúsið Vitatorgi Vitastíg, 6 hleðslutenglar á vegg
- Bílastæðahúsið Stjörnuport Laugavegi 94, 6 hleðslutenglar á vegg
- Kirkjutorg, 4 hleðslutenglar við bílastæði
- Geirsgata við Miðbakka, 4 hleðslutenglar við bílastæði
- Lindargata/Skuggasund, 4 hleðslutenglar við bílastæði
- Hverfisgata/Frakkastígur, 4 hleðslutenglar við bílastæði
- Rauðarárstígur/Grettisgata, 4 hleðslutenglar við bílastæði
- Rauðarárstígur/Skúlagata, 4 hleðslutenglar við bílastæði

Samtals allt að 58 hleðslutenglar í miðborg Reykjavíkur.

Boðin verður út ákveðin fjárupphæð til uppsetningar á stöðvum og kröfur til stöðvanna skilgreindar skv. eftirfarandi. Upphæðin sem boðin verður út miðast við styrkupphefð Orkusjóðs auk mótframlags úr borgarsjóði að sömu upphæð. Sá bjóðandi sem býður flesta tengla fyrir umrædda fjárhæð, að öllum kröfum uppfylltum, verður valinn. Stöðunum verður forgangaraðað náist ekki að koma fyrir hleðslustöðvum á öllum framangreindum stöðum fyrir umrædda upphæð.

Stöðvarnar verði svokallaðar hæghleðslustöðvar sem fullhlaða bíla á 2-5 klukkustundum, þriggja fasa stöðvar sem skila að hámarki 32A á tengil. Stöðvarnar verði mode 3 hleðslustöðvar, sbr. staðalinn IEC 62196, og bjóði uppá hleðslu fyrir þær gerðir AC hleðslna sem í gangi eru í Evrópu. Gert er ráð fyrir að hleðslustöðvarnar verði hengdar á vegg í bílastæðahúsum en settir verði standar með stöðvum við götustæði. Gert er ráð fyrir að hleðslustöðvarnar verði án hleðslunúru, en eigendur rafbíla skaffi snúru sjálfir sem henti tengli viðkomandi bíls. Tengill hleðslustöðvanna verði svokölluð Type 2, sbr. IEC 62196.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar mun reka hleðslustöðvarnar í það minnsta næstu þrjú árin en síðan verði rekstur þeirra hugsanlega boðin út, háð markaðsaðstæðum.

Gert er ráð fyrir að greitt verði fyrir hleðslu bílanna eftir mínútugjaldi. Gjaldinu verði stillt í hóf en að það verði hvati til að leggja bílum ekki óþarflega lengi í stæði sem ætluð eru til hleðslu rafbíla. Auk þess greiði notendur hefðbundið gjald fyrir stæðið á götu og í bílahúsi líkt og með aðra bíla. Í útboðsgögnum verður gerð krafa um að samningsaðili útvegi rekstrarkerfi fyrir hleðslustöðvarnar. Kerfið veiti rekstraraðila m.a. upplýsingar um hvar séu lausar stöðvar til hleðslu, hvaða tengi sé notað hverju sinni, tímalengd hleðslu á hvern bíl, kW stundir á hvern bíl og tímasetningu á hverri hleðslu auk yfirlits yfir alla notkun. Einnig að mögulegt sé að fjarstýra og endurræsa hleðslustöðvar yfir netið. Notendum bjóðist smáforrit fyrir Android, iPhone og Windows síma með „mínar síður“ þar sem sjá má m.a. lausar stöðvar, notkun og greiðslu fyrir notkun. Notendur fá jafnframt „dælulýkil“ (RFID-lykil) til að gera grein fyrir sér á hverri stöð.

Við opnun stöðvanna verða neytendur og almenningur upplýstur um hleðslustöðvarnar með fréttatilkynningu og auglýsingum í helstu miðlum og á vefsíðu Bílastæðasjóðs og Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið verður upplýsingaefni um hleðslustöðvarnar, staðsetningu þeirra, hvernig sækja megi um dælulýkil, innheimtu fyrir notkun og annað sem við kemur notkun stöðvanna á vefsíðum og í kynningarefni Bílastæðasjóðs og Reykjavíkurborgar.

Leitað hefur verið upplýsinga um kostnað við kaup og uppsetningu á hleðslustöðum eins og hér er lýst. Gera má ráð fyrir að kostnaður við kaup og uppsetningu á tveim tenglum á vegg sé um 700 þús. kr. en um 800 þús. kr. fyrir götustand. Gert er ráð fyrir að kaup og uppsetning á framangreindum stöðvum kosti um 21,9 m.kr. m. vsk. og er því sótt um styrk að upphæð 11 m.kr.

Fáist styrkur til verkefnisins er gert ráð fyrir að útboð fari fram í upphafi árs 2017. Stöðvarnar verði svo settar upp á næstu þrem árum, 2017-2019, um þriðjungur á hverju ári.

#### *Fylgiskjöl með umsókn*

Eftirfarandi skjöl fylgja umsókninni:

- Kort af fyrirhuguðum hleðslustöðvum og vinnusóknar-, verslunar- og þjónustusvæði sem stöðvunum er ætlað að ná til.
- Samþykki borgarráðs fyrir mótframlagi Reykjavíkurborgar gegn styrk Orkusjóðs.

Virðingarfyllst, f.h. Umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Guðmundur B. Friðriksson

skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

# ORKUSJÓÐUR AUGLÝSIR

## styrki til uppbyggingar á innviðum fyrir rafbíla

Á fjárlögum 2016 er á fjárlagalið 04-599, 1.23, tímabundin fjárheimild að fjárhæð kr. 67 m.kr. á ári, í þrjú ár, fyrir verkefnið „Rafbílar – átak í innviðum“. Verkefnið er hluti af sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum sem samþykkt var af ríkisstjórn í nóvember 2015 og sett var fram í tengslum við 21. fund aðildarríkja loftslagssamningsins í París (COP21). Er verkefnið eitt af átta verkefnum í sóknaráætluninni sem miða að samdrætti í nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.

Í samþykkt fjárlaga 2016, á framangreindum fjárlagalið, kemur fram að „**verkefnið Rafbílar – átak í innviðum, miðar að því að gert verði átak í að efla innviði fyrir rafbíla á landsvísu á komandi árum. Talið er rétt að ríkisvaldið styrki tímabundið átak til að byggja upp innviði fyrir rafbíla þannig að hægt sé að tryggja aðgengi sem flestra landsmanna að loftslagsvænum samgöngumáta**“.

Orkusjóði hefur, í samræmi við 8. gr. laga nr. 87/2003 um Orkustofnun, verið falið að sjá um úthlutun styrkja til átaksverkefnisins og auglýsir sjóðurinn hér með eftir styrkumsóknum til uppbyggingar á innviðum fyrir hleðslu rafbíla.

Við úthlutun styrkja verður sérstök áhersla lögð á:


- *Að verkefnið auki aðgengi sem flestra landsmanna að innviðum fyrir hleðslu rafbíla á landsvísu. Sérstaklega skal þar horft til aðgengis að innviðum á s.k. vinnusóknarsvæðum.*
- *Að rekstur þeirra innviða sem umsókn snýr að verði tryggður í a.m.k. 3 ár.*
- *Hvernig staðið verði að upplýsingagjöf til neytenda og opinberra aðila.*

Til úthlutunar í átaksverkefninu eru 67 m.kr. á ári á þriggja ára tímabili. Hægt er að sækja um verkefni sem eru til eins, tveggja eða þriggja ára. Eingöngu eru veittir fjárfestingarstyrkir og geta styrkir hæst numið 50% af áætluðum kostnaði verkefnis, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 185/2016. Hámarksupphæð styrks fyrir hvert verkefni er 30 m.kr. á ári. Lágmarksupphæð styrks fyrir hvert verkefni er 2 m.kr. á ári.

Um úthlutun styrkja og málsmeðferð fer samkvæmt reglugerð nr. 185/2016, um Orkusjóð.

**Umsóknarfrestur er til 1. október 2016.**

Nánari upplýsingar fást hjá Orkusjóði, Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg, 603 Akureyri, í síma 569 6083. Netfang Orkusjóðs er [jbj@os.is](mailto:jbj@os.is).



- Bílastæðahús
- Bílastæði við götu

Atvinnuhúsnæði á miðborgar-  
svæði: 806.000 m<sup>2</sup>

# Hleðslustöðvar í miðborginni